

Nd.

## 85. Frumvarp

til laga um liftrygging sjómanna.

Flufningsmaður: Matthias Ólafsson.

### 1. gr.

Allir þeir menn á landi hjer, er sjómensku stunda, um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur á fiskiskium, farmskipum, mannfletningaskipum, róðrabátum eða ferjubátum skulu kaupa sjer liftrygging gegn drukknun í sjó eða vötnum.

### 2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. febrúar ár hvert skulu allir þeir menn, er nefndir eru í 1. gr. láta innrita sig sem sjómenn.

Í sveitum fer slik innritun fram hjá hreppstjórum, en í kaupstöðum hjá bæjarfógetum.

### 3. gr.

Upphæð liftryggingarinnar skal vera 1000 kr. og iðgjaldið fyrir hvert ár, fyrst um sinn 10%, er greiðist við innritun.

### 4. gr.

Nú er einhver eigi ráðinn í því, hvort hann stundi sjómensku að nokkru leyti, á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., og hefir hann þá rjett til að fá sig innritaðan, þótt siðar sje, með sömu rjettindum og skyldum, sem lög þessi ákveða.

### 5. gr.

Auk innritunarskirteinis, er jafnframt skal gilda sem kvittun fyrir iðgjaldi, skal hverjum innrituðum sjómanni afhent merki, er að eins gildi fyrir 1 ár. Merkin sje úr málmí og á þau sett ártal þess árs, sem þau eru afhent á. Landstjórnin sjer um tilbúning merkjanna og gerð og annast um, að þau sé komin til hreppstjóra og bæjarfógeta fyrir hver árslok.

### 6. gr.

Engan mann má lögskrá á Íslandi, hvort heldur er á innlend skip eða útlend, er eigi getur sýnt innritunarskirteini og merki, og skal það tekið fram við lögskráning, hvar hver einstakur er innritaður.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar skráningarstjóra alt að 500 kr. sekt, er fellur til þess hrepps eða bæjarfjelags, þar sem viðkomandi sjómaður á lögheimili.

### 7. gr.

Nú er sjómaður, á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., staddur utan þess hreppsfjelags eða bæjarfjelags, er hann á lögheimili í, og hefir hann þá rjett til að láta innrita sig í þeirri þinghá, er hann er staddur í, en bæjarfógeti sá eða hreppstjóri, er innritar slíka menn, skal tafarlaust tilkynna það bæjartó-

geta eða hreppstjóra, þeim sem hlut á að máli, og senda honum iðgjaldið. Yfir alla slíka menn skal færa sjerstaka bók.

8. gr.

Enginn formaður má taka neinn mann á skip sitt eða bát, hvort heldur er um lengri eða skemri tíma, nema hann geti sýnt merki það, er nefnt er í 5. gr., og varðar það formann alt að 200 kr. sekt fyrir hvern mann, ef út af er brugðið. Undanskildir ákvæðum þessarar greinar eru þó skipstjórar á mannf lutningaskipum, að því er farþega þeirra snertir.

Um sekt þessa fer svo sem segir í 6. gr.

9. gr.

Af iðgjöldum þeim, sem nefnd eru í 3. gr., skal mynda ábyrgðarsjóð, er standi undir umsjón og eftirliti landstjórnarinnar. Sjóður þessi eignast sjóð þann, er þegar er myndaður samkv. lögum 30. júlí 1909, enda tekur á sig skyldur þær, er á þeim sjóði hvíla.

Landstjórnin skipar forstöðumann fyrir hinn nýja sjóð, en Alþingi ákveður laun hans.

Bæjarfógetum og hreppstjórum ber 2% af iðgjöldum fyrir innheimtu og innritun, og skulu þeir senda skýrslur sínar, ásamt iðgjöldunum, að frádrægnum þeim 2%, er þeim ber, beint til forstöðumanns sjóðsins.

10. gr.

Landsstjórnin sjer um, að ávalt sje fyrir hendi nægar bækur og innritunarskirteini og skipar fyrir um form á þeim.

11. gr.

Ábyrgðarsjóðurinn greiðir námennum þeirra, er farast í sjó eða vötnum og liftrygðir eru samkvæmt lögum þessum, 1000 kr., er greiðist með 200 kr. á ári, í næstu 5 ár eftir druknun viðkomanda.

Landsjóður Íslands hefir ábyrgð á að sjóðurinn standi í skilum.

12. gr.

Nú kemst maður, sem liftrygður er samkvæmt lögum þessum, á skipreika, tekur út af skipi eða báti eða fellur í sjó eða vatn og næst með lifi, en veikist og deyr af afleiðingum slyssins, og ber þá að álita sem slíkur maður hafi farist í sjó eða vatni.

13. gr.

Nú hverfur maður af skipi og finst eigi síðar, lífs nje liðinn, og skal þá settur rjettur yfir skipverjum til að rannsaka, hvort nokkur þeirra hafi grun um, að viðkomandi hafi strokið. Komi það fram við rannsókn, að enginn grunur sje um strok, skal álita sem maðurinn hafi farist í sjó.

Komi hinsvegar fram grunur um strok, en ekki full víska, má fresta útborgun um næstu 5 ár, en komi ekkert fram á þeim tíma, er bendi til að maðurinn hafi strokið, skal upphæðin borgast út á næstu 5 árum.

14. gr.

Fje það, er sjóðurinn borgar út, fellur til þeirra, er hinum liftrygðá var skylt að annast, að lögum. Sje eigi slíkt námenni á lífi fellur fjeð til sjóðsins.

15. gr.

Nú verður maður fyrir slysi, sbr. 12. gr., og leiðir af veikindi, en eigi dauða, en viðkomandi bíður atvinnutjón, og ber honum þá meðal atvinna, sem orðið hefir á skipi því, er hann var á, á þeim tíma, er hann var veikur. Uppi þetta meðaltal skal telja það, er maðurinn kann að hafa unnið fyrir eða aflað, áður en slysið bar að höndum. Helming þessa greiðir útgerðin, en skipverjar allir hinn helminginn, eftir rjettu hlutfalli við kaup þeirra eða hálfdrætti hvers um sig. Sje afla skift i bluti, ber viðkomanda hlutur úraflanum, og sje manni bætt í skiprúmið i hans stað, skiftist aflinn svo sem einum manni væri fleira.

Ákvæði þessarar greinar ná að eins til þeirra manna, er ráðnir eru i skiprúm fyrir heila vertið eða útgerðartíma, og gildi eigi fyrir lengri tíma en þann, er maðurinn var ráðinn i skiprúmið.

Ákvæði þessarar greinar ná til, þó um fleiri en einn mann sje að ræða, en fari upphæð sú, er skipverjar og útgerð á að borga, fram úr 200 kr., borgar ábyrgðarsjóðurinn það, sem umfram er, eftir skýrslu frá útgerðarmanni.

16. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög um vátrygging fyrir sjómenn 30. júlí 1909 svo og þau ákvæði i öðrum lögum, er koma kunna i bág við þau.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember þ. á.